

UNESCO skólar á Suðurnesjum

Suðurnesjavettvangur og Reykjanes UNESCO Geopark hafa sett af stað verkefni í samvinnu við UNESCO skóla á Íslandi að styðja við leik-, grunn, og framhaldsskóla á Suðurnesjum að gerast UNESCO skólar. Verkefnið hefur fengið styrk úr Sóknaráætlun Suðurnesja sem mun nýtast í að ráða verkefnastjóra til að vera tengiliður við alla skóla sem vilja sækja um, styðja þá í umsóknarferlinu og leiða samstarf og samvinnu þátttakenda. Markmiðið er háleitt, en vonir standa til að allir skólar á Suðurnesjum verði UNESCO skólar á næstu tveimur árum.

Nú á vormánuðum munu allir áhugasamir skólar fá kynningu á verkefninu og hvað felst í að vera UNESCO skóli. Áhugasamir skólar geta byrjað umsóknarferlið strax í kjölfarið en markmiðið er að fá alla skóla til að skrifa undir viljayfirlýsingu að þeir muni sækja um innan tveggja ára sjái þeir sér ekki fært að fara strax af stað. Það er mikill ávinningur í að vera með og nýta stuðning verkefnastjórans sem fjármagn er fyrir næstu tvö árin.

Hvað felst í því að vera UNESCO skóli?

UNESCO skólar skuldbinda sig til að vinna að verkefnum sem snúa að því að auka þekkingu á málefnum Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum. Þverfagleg verkefni sem nýtast í ýmsum kennslustundum og passa vel inni í grunnþætti aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Flestir skólar vinna í dag fjölmörg verkefni á hverju starfsári sem styðja við innleiðingu Heimsmarkmiðanna svo umsókn um að gerast UNESCO skóli er að stóru leiti aðeins alþjóðleg viðurkenning á því starfi og yfirlýsing um að vilja bæta í slík verkefni á komandi árum.

Aðdragandi verkefnisins

Frá árinu 2019 hefur verið starfræktur samstarfshópur sveitarfélaganna fjögurra á svæðinu, ISAVIA, KADECO og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Samstarfshópurinn fékk nafnið Suðurnesjavettvangur og hefur á sl. árum haldið samráðsfundi og viðburði sem miða að því að stilla saman strengi í innleiðingunni.

Stór þáttur innleiðingar Heimsmarkmiðanna í hverju samfélagi snýr að skólunum og því mikilvæga starfi sem þar er unnið. Síðustu misseri hefur Suðurnesjavettvangur því verið að skoða með hvaða hætti vettvangurinn getur stutt við skólana og hjálpað þeim að efla það starf sem þegar er unnið innan veggja þeirra og styður við Heimsmarkmiðin 17.

Á þeirri fjögurra ára vegferð sem Suðurnesjavettvangur hefur verið á hefur umræða um UNESCO skóla komið oftast en einu sinni upp, t.a.m. á fjölmönnum íbúafundi sem var haldinn haustið 2020. Suðurnesjavettvangur sendi einnig út könnun í alla grunn- og leikskóla á Suðurnesjum haustið 2022. Niðurstöður þar sýndu að 80% skólanna voru áhugasamir um að gerast UNESCO skóli.

Segja má að staðsetning okkar sé einstök þar sem við erum staðsett í jarðvanginum, Reykjanes UNESCO Geopark. Suðurnesjavettvangur telur mikil tækifæri fólgin í því að tengja skólastigin, og íbúa alla, betur við jarðvanginn og þau tækifæri sem þar liggja með því að innleiða UNESCO skóla hér á svæðinu.

Í ljósi þessa langaði Suðurnesjavettvang til að styðja við alla leik-, grunn- og framhaldsskóla á Suðurnesjum að gerast UNESCO skólar. Vettvangurinn leitaði til Reykjanes UNESCO Geopark's um samstarf sem hefur samþykkt að hoppa á vagninn og styðja við það háleita markmið að fá alla skóla á svæðinu með.

Kynning frá Tröllaskaga: https://www.youtube.com/watch?v=0BtLgVCa2sk&ab_channel=IdaSemeY